

Heildarvinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

Samráðsnefnd H.Í. og FH, miðvikudaginn 22. janúar 2003

Almennt gildir að taka fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvistir vegna veikinda og slysa skuli ekki hafa áhrif á launakjör til lækkunar eða á önnur starfstengd réttindi. Með reglum þessum er tekið tillit til þess að vinnuskyldur kennara og sérfræðinga eru að því leyti frábrugnar reglum sem vinnuskyldu annarra starfsmanna Háskóla Íslands að þær eru ákvarðaðar í vinnustundum á ári og geta eðli málsins samkvæmt verið mismunandi eftir árstímum.

Eftirfarandi reglur ná til kennara og sérfræðinga vegna fæðingar- og foreldraorlofs og fjarvista vegna veikinda og slysa:

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Kröfur um rannsóknastig, fyrir þann hluta dagvinnulauna er byggir á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja ára, minnka hlutfallslega.
3. Þröskuldur vinnumatssjóðs lækkar hlutfallslega.
4. Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

Samráðsnefnd um kjaramál, skipuð allt að þremur fulltrúum frá hvorum aðila, Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara fjallar um ágreining sem rís vegna framkvæmdar á reglum þessum.

Tilurð ofangreindra reglna

Hinn 22. janúar 2003 setti samráðsnefnd Félags háskólakennara og Háskóla Íslands meðfylgjandi reglur um vinnuskyldu við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa. Rétt er að geta þess að fram til þess voru ekki til samræmdar reglur í Háskóla Íslands um það með hvaða hætti réttindi kennara og sérfræðinga skyldu tryggð í þessu efni. Með lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof og ákvæðum í kjarasamningi í kjölfar þeirra var ljóst að setja þyrfti reglur til að tryggja lög- og kjarasamningsbundin réttindi þeirra félagsmanna sem hafa vinnuskyldu sem ákvörðuð er í klukkustundum á ári við einstaka starfsþætti. Á sama hátt voru ákvæði um réttindi starfsmanna vegna veikinda og slysa fyrst sett inn í kjarasamninga árið 2001 en áður hafði verið í gildi reglugerð nr. 411/1989 um veikindarétt starfsmanna ríkisins. Einnig má nefna að ákvæði í kjara- og stofnanasamningi frá 2001 um álag á laun vegna rannsóknavirkni ýttu enn frekar undir nauðsyn þess að slíkar reglur yrðu settar.

Meginandi laga og kjarasamninga er að koma í veg fyrir að taka fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvistir vegna veikinda og slysa hafi áhrif á launakjör til lækkunar eða skerðingu annarra starfstengdra réttinda.

Bent er á nauðsyn þess að tilkynna fjarvistir vegna veikinda og slysa til skrifstofu deildar eða stofnunar. Sjá ákvæði í 12. kafla kjarasamnings um tilkynningaskyldu til frekari skýringa.